




Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 15.10.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík



Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 3. október 2018 varðandi eftirfarandi mál.

### **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins**

Lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins um að ekki verði mokað yfir steinbryggju við Tryggvagötu

*Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson leggja fram eftirfarandi frávísunartillögu.*

*"Líkt og fram kom í bókun fulltrúa Pírata, Viðreisnar og Samfylkingar á sjöunda fundi skipulags- og samgönguráðs fagna fulltrúarnir tillögu um varðveislu Steinbryggjunnar enda um að ræða sögufrægar minjar í góðu ástandi. Í ljósi þess að undirbúningur varðveislu minjanna var þegar hafinn á umhverfis- og skipulagsviði þegar tillagan kom fram, og ráðið fengið kynningu þess efnis, er tillögu þessari vísað frá."*

*Umhverfis- og skipulagsráðs vísar tillögunni frá með atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar, gegn þrem atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Katrínar Atladóttur, Hildar Björnsdóttur og Valgerðar Sigurðardóttur.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

*Ann María Andreassen*

Ann María Andreassen